

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Norðurlandi vestra, 9. desember 2021

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Umsögn; Frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál, með umsagnarfresti til 9. desember 2021.

Sökum stutts umsagnarfrests verður ekki farið ítarlega í einstaka liði frumvarpsins. Vill stjórn leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Sóknaráætlanir landshluta.

Sóknaráætlanir landshluta hafa sannað sig sem öflugt byggðaþróunartæki. Þeir fjármunir, sem í þær er veitt, nýtast hratt og vel til ýmiss konar uppbyggingar í héraði. Sú uppbygging er á hverjum stað í takt við áherslur heimamanna sem er eitt af markmiðum áætlanna. Á árinu 2020 var um 200 m. kr. viðbótarfjármagni veitt inn í áætlanirnar til að sporna við áhrifum Covid 19. Sama var gert árið 2021 en var sú upphæð helmingi lægri en árið 2020. Afar mikilvægt er að á árinu 2022 verði veitt viðbótarfjármagni inn í áætlanirnar til að landshlutasamtök geti áfram stutt við uppbyggingu vegna áhrifa Covid 19 sem mun gæta nokkur komandi ár. Vert er að taka fram að undanfarin ár hafa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra veitt allt upp í þrisvar sinnum meira fjármagni inn í sóknaráætlun en þeim ber skv. samningum í viðleitni sinni til að efla landshlutann. Er skorað á nefndina að ríkið leggi sitt á vogarskálarnar til að efla uppbyggingu á landsbyggðinni með því að veita verulegu viðbótarfjármagni inn í sóknaráætlanir landshluta.

2. Samningar um atvinnuþróun milli Byggðastofnunar og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Um langt árabil hafa atvinnuþróunarfélög, sem víðast hvar eru nú hluti af landshlutasamtökum, unnið að atvinnuþróun á sínum svæðum með samningum við Byggðastofnun. Fjármagn sem ríkið hefur veitt í samningana hefur um nokkurra ára skeið verið skert árlega sem nemur hagræðingarkröfu ríkis. Á sama tíma hafa verkefni landshlutasamtaka í tengslum við atvinnuþróun orðið mun víðtækari, sérstaklega með þeim breytingum sem áttu sér stað á stoðkerfi nýsköpunar með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar. Einnig hafa verið stofnaðir fleiri samkeppnissjóðir af hálfu

ríkisins, svo sem Matvælasjóður og Lóa, sem hafa aukið ásókn í ráðgjöf. Jafnframt hafa launahækkanir undanfarinna ára verið umtalsverðar. Aukin verkefni og aukinn launakostnaður gera það að verkum að á Norðurlandi vestra er kostnaður við verkefnið nokkuð umfram tekjur. Nauðsynlegt er að auknu fjármagni verði veitt í samningana til að hægt verði að halda úti sömu og helst meiri þjónustu við aðila sem hyggja á eða eru í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni. Þannig er unnt að hvetja til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni með enn markvissari og öflugri hætti en þegar er gert. Er skorað á nefndina að tryggja aukið fjármagn til atvinnuþróunar í landshlutunum.

3. Samgöngur.

Ekki er hægt að veita umsögn um frumvarp til fjárlaga öðruvísi en að hafa orð á samgöngumálum. Á Norðurlandi vestra eru fjölmörg brýn samgönguverkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í hið fyrsta. Í [Samgöngu- og innviðaaáætlun](#) landshlutans er ítarlega farið yfir þau verkefni sem sveitarfélögin á starfssvæðinu leggja áherslu á. Þar eru tvö verkefni í sameiginlegum forgangi allra sveitarfélaganna, Skagastrandarvegur og Vatnsnesvegur. Skagastrandarvegur hefur verið boðinn út, sem er afar ánægjulegt, en Vatnsnesvegur er enn áætlaður á þriðja tímabili samgönguáætlunar sem íbúar landshlutans geta ekki við unað. Tengivegir á Norðurlandi vestra eru jafnframt í verulega slæmu ástandi og er í landshlutanum hæsta hlutfall þeirra og um leið einn mesti skólaakstur landsins. Með því að auka fjármagn til samgöngumála má gera ráð fyrir að einhver þessara brýnu verkefna kæmust á dagskrá. Því er skorað á nefndina að veita auknu fjármagn til samgöngumála.

4. Málefni fatlaðs fólks.

Í nýlegri bókun lýsti stjórn SSVN yfir áhyggjum af þeim kostnaði sem fallið hefur á sveitarfélögin á starfssvæði samtakanna vegna málefna fatlaðs fólks. Ljóst er að verulega skortir upp á það fjármagn sem þörf er á til málaflokksins. Hefur það leitt til þess að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa á 6 ára tímabili greitt hátt í 800 milljónir með málaflokki. Komi ekki til aukið fjármagn frá ríki inn í málaflokkinn er hætt við að vaxandi útgjöld ógni fjárhagslegri sjálfbærni margra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna. Því er skorað á nefndina að veita auknu fjármagn til málaflokksins til að tryggja nauðsynlega þjónustu en um leið fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga.

Stjórn SSVN áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við fjárlaganefnd vegna málsins.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri.